

Samþykktir Öldungaráðs Stykkishólms

1. Grein: Hlutverk, tilgangur og skipan

Öldungaráð Stykkishólms gætir hagsmuna eldri borgara í Stykkishólmi og er bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og þeim sem mál þeirra varða til ráðgjafar um þau málefni. Ráðið skal vera ráðgefandi um framtíðarskipulag öldrunarþjónustu, uppbyggingu hjúkrunarheimila, þjónustu-og öryggisíbúða í Stykkishólmi. Með það að markmiði að efla andlega og líkamlega líðan eldri borgara verði Öldungaráð ráðgefandi er kemur að samþættingu á þjónustu með skilvirkri lækniþjónustu, heimahjúkrun, félagslegri heimaþjónustu, dagvistun, iðju og sjúkráþjálfun sem hvetur til líkamsræktar og lífsleikni, í samstarfi við þá aðila sem með málaflokkana fara.

Ráðið skal hafa sem víðtækust samráð við samtök aldraðra á Snæfellsnesi og aðra þá sem láta málefni þeirra til sín taka.

Skipað skal í öldungaráð að fengnum tilnefningum skv. 2.gr.

Skipunartími fulltrúa bæjarfélaganna er kjörtímabil bæjarstjórnanna, annarra fulltrúa verði 2 ár.

Heimili og varnarþing Öldungaráðs Stykkishólms skal vera í Stykkishólmi.

2. grein: Tilnefning

Eftirtaldi aðilar tilnefna í Öldungaráð Stykkishólms

1. Aftanskin, félag eldri borgara í Stykkishólmi, tilnefni 2 fulltrúa og 1 til vara
2. Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) tilnefnir 1 fulltrúa.
3. Stjórn Dvalarheimilis Stykkishólms tilnefnir 1 fulltrúa og 1 til vara.
4. Þjónustuhópur aldraðra tilnefnir 1 fulltrúa og 1 til vara
5. Tómsfundarfulltrúi Stykkishólmsbæjar er skipaður í Öldungaráð.

3. grein: Starfsfyrirkomulag

Aðalfundur skal að jafnaði haldinn í september ár hvert. Til fundarins skal boða með minnst einnar vikur fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera samkvæmt samþykktum

Á aðalfundi er kosin 6 manna stjórn og 4 varamenn. Formaður kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Öldungaráð og stjórn þess setja að öðru leyti reglur um starfshætti ráðs og stjórnar s.s. verkefni aðalfundar, verkefni stjórnar og ráðs, tíðni og boðun funda, verkaskiptingu stjórnar og ráðs. Um greiðslu þóknunar fyrir störf stjórnar gilda þær reglur sem í gildi eru fyrir nefdir sem kjörnar eru af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar.

4. grein: Samráðsferlið

Öldungaráð er bæjarstjórn í Stykkishólmi og þeim sem mál þeirra varða til ráðgjafar um málefni eldri borgara bæjarins.

Til að stuðla að því að þessu markmið verði náð:

Bæjarráð kynnir stjórn Öldungaráðs árlega á fundi, þá þjónustu sem í boði er fyrir eldri borgara og þær hugmyndir og tillögur í fjárhagsáætlunum sem varða eldri borgara.

Þjónustuhópur aldraðra haldi einn fund árlega með stjórn Öldungaráðs þar sem staða mála er kynnt og hugmyndir lagðar fram.

Í Öldungaráði verði lögð áhersla á samvinnu og samnýtingu á sérfræðiþjónustu, öldrunarlækningum og annarri þjónustu sem varða eldri borgara s.s. heimahjúkrun, heimilishjálp, iðju-og sjúkraþjálfun.

Samráðferlið á að gefa ráðinu hugmyndir um hver staða öldrunarþjónustu er hverju sinni í Stykkishólmi. Öldungaráð vinnur úr þeim upplýsingum og kemur þeim í réttan farveg til kynningar og úrlausnar.

5. grein: Breyting samþykta

Samþykktum þessum verður eingöngu breytt á aðalfundi, enda hljóti tillaga þar um samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða. Tillögur til breytinga skulu hafa borist stjórn Öldungaráðs eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund. Tillögur um breytingar á samþykktum skal senda út með fundarboði.

6. grein: Slit á starfi Öldungaráðs

Öldungaráð Stykkishólms verður ekki lagt niður nema tveir löglega boðaðir aðalfundir samþykki það með 2/3 hlutum atkvæða. Aðalfundir skulu haldnir með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum Öldungaráðs skal fylgja fundarboði. Til þess að slit á Öldungaráði Stykkishólms nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar fulltrúa ráðsins að staðfesta það.

7. Grein: Starfsaðstaða

Fundaaðstaða verði að öllu jöfnu í fundarsal Ráðhúss Stykkishólms og skal móttökufulltrúi bæjarins veita aðstoð vegna fundarboðunar og annars er varðar fundi og frágang ályktana Öldungaráðs.

Samþykkt Öldungaráðs skal leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar svo sem gildir um samþykktir nefnda og stjórna á vegum Stykkishólmsbæjar og skal bæjarstjóri undirrita samþykktirnar í umboði bæjarstjórnar.

Stykkishólmi, 21. Mars 2017

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sturla Böðvarsson', is written over a light blue horizontal line.

Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri